



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Akureyri, 30. sept. 2022

Ágæta sveitarstjórn

Markaðsstofa Norðurlands hefur frá upphafi haft umsjón með starfi Flugklasans Air 66N á Norðurlandi. Markmið klasans er að koma á beinu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll allt árið um kring til framtíðar. Klasinn var stofnaður árið 2011 og síðan þá hefur mikið starf verið unnið til þess að búa í haginn og byggja upp svæðið til þess að taka á móti flugi beint til Norðurlands.

Þegar unnið er að opnun nýs áfangastaðar fyrir beint millilandaflug, er ekki óalgengt að slíkt ferli taki um 10 ár. Svo virðist sem það eigi einnig við um beint flug til Akureyrar. Nú eru liðin 11 ár frá stofnun Flugklasans og á þessu ári fengum við fyrsta reglulega millilandaflugið um Akureyrarflugvöll með Niceair. Hefðum sennilega náð þessu á 10 árum ef ekki hefði verið fyrir Covid.

Árangur sem hefur náðst á þeim tíma sem klasinn hefur starfað er m.a:

- 2016: Flugþróunarsjóður stofnaður
- 2017: Air Iceland Connect – tengiflug milli AEY og KEF (starfsrækt með hléum til 2019)
- 2018: Breska ferðaskrifstofan Super Break – 10 leiguflug í febrúar/mars 2018 og svo 28 leiguflug frá desember 2018 – mars 2019
- 2019: Vikulegt leiguflug Voigt Travel frá Hollandi yfir sumarið.
- 2020: Nýr ILS aðflugsbúnaður fyrir aðflug úr norðri tekinn í notkun á Akureyrarflugvelli
- 2020: 10 leiguflug Voigt Travel í febrúar/mars
- 2022: 10 leiguflug Voigt Travel í febrúar/mars
- 2022: Vikulegt leiguflug Voigt Travel frá Hollandi yfir sumarið.
- 2022: Niceair hóf starfsemi. Flogið er tvisvar í viku til Kaupmannahafnar og einu sinni í viku til Tenerife. Áform eru um áætlunarflug til fleiri áfangastaða á nýju ári.
- 2023: Icelandair hefur tilkynnt um áform um tengiflug milli AEY og KEF frá mars 2023.
- 2023/2024: Stefnt að því að nýtt flughlað verði tilbúið næsta haust og stækkun flugstöðvar tekin í notkun fyrri hluta árs 2024

Það er rétt að geta þess að árangurinn er ekki einvörðungu Flugklasans. Klasinn hefur átt gott samstarf klasans við Isavia, Íslandsstofu, ráðuneyti ferðamála, sveitarfélög, ferðapjónustufyrirtæki og fjölmarga aðila á Norðurlandi, og það samstarf hefur skilað þessum árangri. Þó má færa sterk rök fyrir því að án Flugklasans hefði ekki sami árangur náðst.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Þessi árangur sem náðst hefur er góður og verkefnið er farið að skila svæðinu tekjum af auknum fjölda ferðamanna. Mikil tækifæri eru til frekari sóknar, einkum að vetrarlagi. Það er mikilvægt að hafa í huga að markaðssetning áfangastaðar er ekki eins skiptis aðgerð. Hún er, eins og önnur markaðssetning, eitthvað sem stöðugt þarf að sinna til halda uppi sýnileika og aðdráttarafli. Flugklasinn hefur, ásamt MN, sinnt þessari markaðssetningu og leitt baráttu fyrir uppbyggingu Akureyrarflugvallar.

Flugklasinn er einnig tengiliður flugfélaga og ferðaskrifstofa við áfangastaðinn, nokkurs konar „one stop shop“ fyrir þessa aðila sem standa fyrir flugferðum til Norðurlands. Þessi hluti af starfi Flugklasans verður sífellt stærri og mikilvægari. Það er algjört lykilatriði að flugrekstraraðilar hafi slíkan tengilið til að veita upplýsingar, aðstoða við samskipti við heimaaðila og vinna að sameiginlegum hagsmunum allra til þess að framkvæmdin gangi sem best. Í þessari vinnu nýtur Flugklasinn þess að hafa öflugt bakland í ferðapjónustufyrirtækjunum á svæðinu sem styðja við verkefnið á ýmsan hátt, m.a. með móttöku blaðamanna, kynnisferða, þátttöku í sýningum og framleiðslu markaðsefnis.

Sveitarfélög á Norðurlandi hafa um árabil stutt við starf flugklasans með sérstökum fjárframlögum. Breiður stuðningur og samstaða sveitarfélaga hefur reynst ómetanleg fyrir starf klasans og skapað þann árangur sem náðst hefur. Í meðfylgjandi minnisblaði má sjá hvernig þessi stuðningur fléttast inn í heildarverkefnið.

Við þurfum á áframhaldandi stuðningi ykkar að halda til þess að halda áfram með verkefnið, byggja ofan á þann árangur sem náðst hefur og halda áfram að byggja upp heilsárs áfangastað fyrir millilandaflug. Við óskum hér með eftir aðkomu sveitarfélagsins með framlagi sem nemur 300 kr á hvern íbúa á ári í 3 ár (2023-2025).

Með von um góðar undirtektir og þökk fyrir veittan stuðning við verkefnið fram að þessu,
Hjalti Páll Þórarinsson, verkefnastjóri Flugklasans Air 66N